

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar.
Rangárvöllum 2
603 Akureyri

19. desember 2025
UOS2501338/K.K.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. október 2025 – ID 6

Þann 8. október 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrarbæjar. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Frávik varðandi það að styrkur kolmónoxíðs hefur mælst yfir mörkum í starfsleyfinu. Frestur var til 1. sept. 2024 að skila niðurstöðum nýrra mælinga. Beiðni um framlengingu til 1. júní 2025 var samþykkt og var gögnum skilað 23.7.2025. Mælingarnar eru innan marka og fráviki því lokað.

Tvær eldri ábendingar voru opnar þegar eftirlitið fór fram:

1. Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni og eru inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði (Fólkvangur í Glerárdal), sbr. Aðalskipulag Akureyrar. Í eftirlitinu var búið að fjarlægja allt af gilbrúninni. Ábendingu lokað.
2. Hin ábendingin varðar það að rekstraraðila var bent á að senda afrit af þykktarmælingum og þrýstiprófunum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykkja áframhaldandi notkun búnaðarins. Í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi kemur fram að biktankar eru undanskildir þykktarmælingum. Ábendingu lokað.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki árlega en oftast ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Engum niðurstöðum úr mælingum á olíu í fráveituvatni hefur verið skilað til stofnunarinnar.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í grein 3.8. Í skýrslu fyrir árið 2025 kom fram að NOX og ryk var ekki mælt.

3. gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Lífolía er geymd á svæðinu í bömbum ekki í lekabittu og án árekstrarvarna.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Teymi eftirlits